

Fimmtudaginn 28. febrúar 2019

Nr. 2019-75

**Ingólfur Oddgeir Jónsson**

(Bjarni Þór Óskarsson lögmaður)

**gegn**

**Kjartani Gunnari Jónssyni og**

**Sigurði Elíasi L. Bjarklind**

(Óskar Sigurðsson lögmaður)

Áfrýjunarleyfi. Jörð. Ábúð. Vanefnd. Uppsögn. Riftun. Hafnað.

### **Ákvörðun Hæstaréttar.**

Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla standa að ákvörðun þessari hæstaréttardómararnir Þorgeir Örlygsson, Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson.

Með beiðni 19. febrúar 2019 leitar Ingólfur Oddgeir Jónsson eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi Landsréttar 8. sama mánaðar í málinu nr. 467/2018: Kjartan Gunnar Jónsson og Sigurður Elías L. Bjarklind gegn Ingólfi Oddgeiri Jónssyni, á grundvelli 1. mgr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kjartan Gunnar Jónsson og Sigurður Elías L. Bjarklind leggjast gegn beiðninni.

Mál þetta lýtur að kröfu gagnaðila leyfisbeiðanda um að honum verði gert að víkja af jörð þeirra að Villingavatni í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna verulegra vanefnda hans á greiðslu jarðarafgjalds samkvæmt byggingarbréfi um jörðina, en hún mun hafa verið byggð honum til lífstíðar frá fardögum 2008. Héraðsdómur Suðurlands taldi gagnaðila hafa brostið heimild til að segja ábúðarsamningi upp og sýknaði leyfisbeiðanda af kröfu þeirra. Landsréttur komst á hinn bóginn að þeirri niðurstöðu að uppsögnin hafi verið gagnaðilum heimil vegna verulegra vanefnda leyfisbeiðanda og kvað á um skyldu hans til að víkja af jörðinni.

Leyfisbeiðandi byggir í fyrsta lagi á því að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að efni til og vísar í þeim efnum meðal annars til þess að ekki hafi verið farið að ákvæðum ábúðarlaga nr. 80/2004 við uppsögn samningsins. Þá hafi ekki verið fyrir hendi veruleg vanefnd af sinni hálfu auk þess sem réttaráhrif uppsagnarinnar hafi fallið niður. Í öðru lagi vísar leyfisbeiðandi til þess að málið varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni sína enda felist í niðurstöðu Landsréttar að honum verði gert að víkja af jörð þar sem hann haldi heimili sitt og hafi byggt upp atvinnurekstur. Þá telur leyfisbeiðandi í þriðja lagi að málið hafi verulegt almennt gildi um skýringu á ákvæðum ábúðarlaga, meðal annars um uppsögn ábúðarsamnings og hvað þurfi til að koma til þess að vanefnd teljist veruleg.

Að virtum gögnum málsins verður hvorki séð að úrslit þess hafi verulegt almennt gildi né að það varði mikilvæga hagsmuni leyfisbeiðanda í skilningi 2. málslíðar 1. mgr. 176. gr. laga nr. 91/1991. Þá er ekki unnt að líta svo á að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að efni til, sbr. 3. málslíð sömu málsgreinar. Er beiðninni því hafnað.